

## GJALDSKRÁ

### fyrir leyfisveitingar og þjónustu byggingarfulltrúans á Seltjarnarnesi.

#### 1. gr.

Samkvæmt gjaldskrá þessari skal greiða gjöld vegna útgáfu á byggingarleyfum sem byggingarfulltrúi samþykkir og/eða bæjarstjórn Seltjarnarness staðfestir.

Jafnframt skal greiða gjöld vegna byggingarleyfisumsókna og annarrar þjónustu sem byggingarfulltrúi veitir.

#### 2. gr.

Fjárhæð leyfis og þjónustugjalda skal vera eftirfarandi:

	kr.
<i>Byggingarleyfisgjald</i>	4.900
Rúmmetragjald pr. byggðan m <sup>3</sup> í nýbyggingu að hámarki 50.000 m <sup>3</sup>	49

#### *Yfirferð séruppdráttu*

(burðarþols-, lagna- og séruppdrættir aðalhönnuða)

Einbýlis-, par-, rað- og fjölbýlishús allt að 6 íbúðir	37.100
Fjölbýlishús og 6 íbúðir og fleiri	71.700
Af öðru húsnæði, þ.m.t. atvinnuhúsnæði allt að 2000 fm	55.300
Af öðru húsnæði, þ.m.t. atvinnuhúsnæði 2000 fm og stærri	68.100
Aðrar minni byggingar, s.s. viðbyggingar, bílg., anddyri, sólstofur o.fl.	12.700

Í tilvikum sem nauðsynlegt er að láta yfirfara aðra séruppdrætti s.s. raflagnateikningar og teikningar af vatnsúðakerfum skal leyfishafi greiða gjald sem nemur sannanlegum útlögðum kostnaði.

#### *Úttektir*

Almenn úttekt	3.000
Lokaúttekt	9.000
Einbýlis-, par- og raðhús á einni hæð (10 útt. + lokaúttekt)	39.000
Einbýlis-, par- og raðhús á tveimur hæðum (12 útt. + lokaúttekt)	45.000

Af öðru húsnæði, þ.m.t. atvinnuhúsnæði allt að 2000 m <sup>3</sup>	53.400
Af öðru húsnæði, þ.m.t. atvinnuhúsnæði 2000 m <sup>3</sup> og stærri	72.600
Fjölbýlishús, gjald pr. matsluta	66.500
Aðrar minni byggingar, lágmark 3 úttektir á 3.000 kr./útt. + lokaúttekt á 6.000 kr.	15.000

#### *Mælingar*

Útsetning (1 fín útsetning og 1 eftirmæling). Án VSK	51.800
Fokheldisvottorð m. úttekt	7.200
Stöðuúttektarvottorð (ófullgert húsnæði tekið í notkun)	9.000

#### *Húsaleiguúttektir*

Gjald pr. fermetra vegna íbúðarhúsnæðis	17,91
---	-------

	kr.
Að hámarki kr. 9.000 fyrir íbúðarhúsnæði	
Gjald pr. fermetra vegna atvinnuhúsnæðis	9,68
<i>Veitingahús</i>	
Úttekt vegna vínveitingaleyfis	7.200
<i>Annað</i>	
Gjald fyrir hvert útkall byggingarfulltrúa þar sem verkið er ekki úttektarhæft	3.600
Byggingarfulltrúa er heimilt í sérstökum tilfellum að innheimta gjald fyrir önnur útköll, s.s. vettvangskönnun o.fl., enda hafi verið stofnað til sannanlegs kostnaðar vegna tilviksins.	4.700

Byggingarleyfisgjald verður ekki endurgreitt þótt leyfi falli úr gildi eða sé fellt úr gildi. Verði byggingarleyfi endurnýjað óbreytt skal nýtt byggingarleyfisgjald vera þannig lægra en að ofan greinir. Fast gjald helst þó óbreytt.

### 3. gr.

Byggingarleyfisgjöld og gjöld fyrir yfirferð á séruppráttum, úttektum og mælingum skulu ákvarðast og gjaldfalla við útgáfu byggingarleyfis.

Fast gjald fyrir byggingarleyfisumsóknir greiðist við móttöku byggingarleyfisumsóknar.

Önnur gjöld, svo sem vegna vottorða, húsaleiguúttekta, úttekta vegna vínveitingaleyfa og óþarfa úttekta, gjaldfalla við afhendingu tilheyrandi gagna.

### 4. gr.

Fjárhæðir í gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í janúar 2004 (287,8) og skulu breytast eftir byggingarvísitölu í janúar ár hvert.

### 5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt í bæjarstjórn Seltjarnarness þann 27. apríl 2005 samkvæmt heimild í 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum og samkvæmt heimild í 27. og 29. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998 með síðari breytingum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Seltjarnarnesi, 27. apríl 2005.*

**Jónmundur Guðmarsson** bæjarstjóri.